

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1951.

Auglýsing um fullgildingu milliríkjasamnings milli Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gagnkvæma veitingu barnastyrkja, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. desember 1951, nr. 126.

AUGLÝSING

252

31. des.

um breytingar á ræktunarsamþykktum á félagssvæði Búnaðarsambands Austurlands.

Ræktunarsambönd á félagssvæði Búnaðarsambands Austurlands hafa samkvæmt heimild í lögum nr. 7 12. janúar 1945, og að fengnu samþykki Búnaðarsambands Austurlands, hækkað stofnsjóði sína sem hér segir:

1. Jarðræktarsamþykkt Fljótsdalshéraðs austan Lagarfljóts (4. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands) frá 5. marz 1948.

Stofnsjóður er með auglýsingu, útgefinni 20. febrúar 1951, hækkaður úr kr. 100000.00 í kr. 220000.00 — tvö hundruð og tuttugu þúsund krónur —.

2. Jarðræktarsamþykkt Ræktunarsambands Búnaðarfélags Breiðdalshrepps og Búnaðarfélags Beruneshrepps (13. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands) frá 31. desember 1947.

Stofnsjóður er með auglýsingu, útgefinni 15. júní 1951, hækkaður úr kr. 80000.00 í kr. 108000.00 — eitt hundraði og átta þúsund krónur.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SKRÁ

253

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1951.

1. Vulcan h.f.
2. Efnagerð Hafnarfjarðar h.f.
3. Jón & Ásgeir h.f.
4. Umbúðir h.f.
5. Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h.f.
6. E. Helgason & Co. h.f.
7. Saumastofa Vesturbæjar h.f.
8. Fiskþurrkun h.f.
9. Hornfirðingur h.f.
10. Laxnesbúið h.f.
11. Geir h.f.
12. Áburðarverksmiðjan h.f.
13. Hanzkagerðin h.f.
14. H.f. Pappaverksmiðjan.

60